

049/15 - Herkúles SH 147

Herkúles SH 147, sekkur á Breiðafirði

Herkúles SH 147

Skipaskr.nr.: 5377

Smíðaður: Hofsós 1973 fura og eik

Stærð: 4,04 brl; 5,38 bt

Lengd: 8,47 m **Breidd:** 2,52 m **Dýpt:** 1,03 m

Vél: Mitsubishi 41,00 kW **Ágerð:** 1981

Annað: Strandveiðar

Földi skipverja: 1



Herkúles©Alfons Finnsson

Atvikalýsing

Þann 19. maí 2015 var Herkúles SH 147 á strandveiðum á Breiðafirði. Veður: SA 9-13 m/s.

Kl. 16:55 á stað $64^{\circ}56,801N$ og $023^{\circ}54,091V$ óskaði skipverjinn eftir aðstoð þar sem leki var kominn að bátnum og sjór í vélarúm. Björgunarskipið Jón Oddgeir var kallað út og nærliggjandi skip á svæðinu. Það var Ólafur Bjarnason SH 137 tilkynnti kl. 17:19 að Herkúles væri sokkinn og kl. 17:21 var báturinn kominn að skipverjanum í sjónum og kl. 17:25 var búið að bjarga honum um borð. Hann var búinn að vera í sjónum u.þ.b. 10-15 mín og orðinn kaldur en að öðru leyti nokkuð hress eftir volgið.

Skipverjanum hafði ekki tekist að blása út gúmmibjörgunarbát né koma sér í flotbjörgunarbúning þrátt fyrir tilraunir þar um.

Samkvæmt ferilvöktunarkerfi Vaktstöðvar siglinga kom síðasta AIS merki frá Herkúles kl. 17:08 og á stað $64^{\circ}57'001N$ og $023^{\circ}54'025V$.

Málið hefur ekki verið tekið fyrir.